

AUGLÝSING

um deiliskipulag Austurvegar 11 á Ísafirði í Ísafjarðarbæ.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir lóðina Austurveg 11 á Ísafirði.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bæjarstjórnin í Ísafjarðarbæ, 2. júní 1998.

Kristinn Jón Jónsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hornafirði árið 1998.

1. gr.

Hornafjarðarbæ er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) fyrir árið 1998.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hvert sorpílat sem tilheyrir íbúð eða fyrirtæki í bæjarfélaginu og innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Heimilt er að fella niður sorphreinsigjald hjá þeim aðilum sem sjálfir annast alla hreinsun sorpsins. Innheimta skal sorpeyðingargjald, sem miðast við áætlaðan fjölda sorpíláta að mati bæjarráðs Hornafjarðar.

4. gr.

Gjald fyrir árið 1998 er sem hér greinir:

Sorphreinsigjald	kr. 5.900
Sorpeyðingargjald	kr. 2.400
Samtals sorphirðugjald	kr. 8.300

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hornafjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að gilda árið 1998.

Umhverfisstjórnuneytinu, 8. júní 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.